



Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjartorg
101 Reykjavík

Sent í samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 6. febrúar 2022

Efni: Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022 – 2025.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar framkominni þingsályktunartillögu um ofangreint málefni í heild sinni og þeim skrefum til framfara sem í henni felast um málefni hinsegin fólks.

Varðandi þau málefni sem sérstaklega varða starf íþróttafingrarinnar þá fagnar ÍSí þeim markmiðum sem fram koma í 6. lið um vinnslu fræðsluefnis um stöðu hinsegin barna og ungmenna í íþróttum, tómstunda- og æskulýðsstarfi, bæði fyrir þátttakendur og leiðbeinendur, og styður þá tímaáætlun sem fram kemur í þingsályktuninni hvað þennan lið varðar.

ÍSí telur mikilvægt að fræðsluefni af þessu tagi sé til staðar í ofangreindum málaflokkum sem allra fyrst og bendir á að ÍSí hefur, í samstarfi við Samtökin '78, Trans vini og Trans Ísland, þegar útbúið leiðbeiningabækling um trans börn og Íþróttir.

ÍSí er reiðubúið til samstarfs, ef þurfa þykir, um efnisöflun hvað varðar íþróttatenginguna eða aðra undirbúningsþætti sem tengst gætu sérþekkingu af hálfu íþróttafingrarinnar.

ÍSí styður einnig skipan starfshóps undir forystu forsætisráðuneytis, skv. 11. lið, um vinnslu heildarúttektar á aðgengismálum fyrir trans fólk út frá gildandi reglum og stöðu málaflokksins almennt svo takast megi að skýra og samræma reglur um aðgengi trans fólks m.a. í íþróttamannvirkjum og sundlaugum.

Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri

